

Verkmenntaskólinn á Akureyri



Kennslu- og áfangamat

Verkmenntaskólinn á Akureyri
Anna María Jónsdóttir tók saman
Desember 2019

Áfanga- og kennslumat á haustönn 2019

Samkvæmt 40. og 41. gr. laga um framhaldsskóla frá árinu 2008 skal hver framhaldsskóli meta kennslu og gæði skólastarfsins með kerfisbundnum hætti. Mennta- og menningarmálaráðuneytið lætur síðan gera úttekt á sjálfsmatsaðferðum skóla á fimm ára fresti.

Verkmenntaskólinn á Akureyri gerir áfanga- og kennslumat á meðal nemenda skólans á hverri önn samkvæmt verklagi í gæðahandbók VMA (sjá VKL 402). Aðrar úttektir á námi og kennslu eru gerðar á hverri önn eins og líst er í sjálfsmatsáætlun hvers skólaárs t.d. áfangaskýrslur, framvindumat og ýmsar samantektir á árangri nemenda. Annað hvert ár er gerð þjónustukönnun á meðal nemenda þar sem spurt er um ýmsa aðra þætti en kennslu og nám í einstaka áföngum. Niðurstöður þessara kannanna eru notaðar til að mæla gæðamarkmið skólans er lúta að kennslu áfanga og líðan nemenda.

Tilgangur áfanga- og kennslumats er að kanna hvernig til hafi tekist í áfanganum og í skólastarfinu með það að markmiði að bæta það sem betur má fara. Allir kennarar fá eigin niðurstöður birtar í gegnum Innu og eru niðurstöður hvers kennara ræddar í starfsmannaviðtali við skólameistara eða aðstoðarskólameistara. Þá fer gæðaráð skólans yfir heildarniðurstöður hverrar annar.

Kennarar og stjórnendur hafa forgöngu um að nýta niðurstöður kannanna til að bæta faglegt starf innan skólans og tryggja þannig að nemendur fái þá kennslu sem lagt er upp með innihaldi áfanga og nýttar séu þær kennsluaðferðir sem best hæfa námi nemenda. Kennslukannanir eru gerðar á hverri önn og er 1/3 af áföngum skólans inni í hverri könnun. Því þarf samanlagt meðaltal 3ja anna til að fá meðaltal skólans.

Kennslu- og áfangamat á haustönn 2019 fór fram frá 25. september til 16. október. Nemendur í þeim áföngum sem voru í úrtaki voru spurðir út í kennara, kennslu og áfangann. Á haustönn 2019 voru áfangar og kennarar á eftirfarandi brautum/fögum í úrtakinu: íslenska, rafiðngreinar, matvælabraut, danska, spæ/þýs, hjúkrunargreinar og raungreinar. Sérstök könnun í NÁSS. Könnunin var unnin í gegnum Innu og fengu nemendur tölvupóst frá aðstoðarskólameistara með upplýsingum um könnunina. Alls voru sendar út 1840 kannanir og fengust 722 svör eða 39% svörun sem er heldur meiri svörun en hefur verið áður.

Alls var spurt um 39 kennara og 77 áfanga. Hægt er að nálgast niðurstöður einstaka áfanga inni á kannakerfi Innu sem aðstoðarskólameistari og skólameistari hafa aðgang að.

Samkvæmt gæðamarkmiðum VMA var stefnt að því að 85% nemenda svari spurningunni: Aðstaða til náms og kennslubúnaður (t.d. kennslustofa, tæki og tól) í áfanganum eru viðunandi með því að svara frekar sammála eða mjög sammála. Í kennslukönnun í VMA á haustönn 2019 svara 95% nemenda spurningunni frekar sammála eða mjög sammála. Meðaltal þriggja anna: haustönn 2018 (97%), vorönn 2019 (92%) og haustönn 2019 (95%) er 94,7%. Þannig að gæðamarkmið VMA við þessari spurningu nást.

Samkvæmt gæðamarkmiðum VMA er stefnt að því að 85% nemenda svari spurningunni: Á heildina litið er ég er ánægð(ur) með kennsluna í áfanganum með því að svara frekar sammála eða mjög sammála. Í kennslukönnun í VMA á haustönn 2019 svara 87% nemenda spurningunni frekar sammála eða mjög sammála. Meðaltal haustannar 2018 (89%), vorannar 2019 (92%) og haustannar 2019 (87%) við þessari spurningu er 89.3% þannig að gæðamarkmið VMA við þessari spurningu nást miðað við meðaltal síðustu þriggja anna.

Eftirtaldir kennarar voru í áfangamati á haustönn 2019: Anke Maria Steinke, Anna Lilja Harðardóttir, Annette de Vink, Ari Baldursson, Ari Hallgrímsson, Árni Hrólfur Helgason, Árný Ingveldur Brynjarsdóttir, Ásbjörg Benediktsdóttir, Auður Inga Ólafsdóttir, Bjarnhéðinn Jónsson, Björn Gunnar Hreinsson, Börkur Már Hersteinsson, Edda Björk Kristinsdóttir, Guðmundur Ingi Geirsson, Guðmundur Trausti Hermannsson, Guðrún Ásta Guðjónsdóttir, Hannesína Scheving Skarphéðinsdóttir, Haukur Eiríksson, Inga Björg Ólafsdóttir, Inga Dís Árnadóttir, Ingimar Árnason, Íris Ragnarsdóttir, Kristján Tryggvason, Magni Rúnar Magnússon, María Albína Tryggvadóttir, Marína Sigurgeirsdóttir, Orri Torfason, Óskar Ingi Sigurðsson, Rannveig Karlsdóttir, Rósa Ingibjörg Tómasdóttir, Sævar Páll Stefánsson, Sigríður Albertsdóttir, Snorri Björnsson, Stefán Finnbogason, Svanhildur Daníelsdóttir, Svanlaugur Jónasson, Theódór Sölvi Haraldsson, Wolfgang Frosti Sahr, Þórhallur Ragnarsson

Eftirtaldir áfangar voru í áfangamati á haustönn 2019.

DANS1OL04, DANS1TO05, DANS2LN05, DANS2OM05, EÐLI2AO05, EÐLI3VB05, EFNA2ME05, EFNA3OH05, FAGV3RE01C, FJSV3RE05C, FRLV4HÚ05, HBF1RH05, HJÚK1AG05, HJÚK2HM05, HJÚK2TV05, HJVG1VG06, IEMÖ1GÆ02, ÍSLE1FL05, ÍSLE1LB04, ÍSLE1LO04S, ÍSLE1RO03, ÍSLE1VF03S, ÍSLE2ÁÁ05S, ÍSLE2HS05, ÍSLE2KB05, ÍSLE3BB05, ÍSLE3BL05, ÍSLE3KS05, ÍSLE3UM05, LÍFF2LK05, LÍFF2NÆ05, LÍFF3BÖ05, LÍOL2IL05, LYFJ2LS05, LÝSV3LL05, MEKV1TN03, MEKV2TK03, MEKV4RE05C, NÁLÆ1UN05, NÁLÆ2AS05, NETV3RE05C, ÖRSK1AÖ01, RABV3RE05C, RALV1RÖ03, RALV2TF03, RALV3RT05, RAMV1HL05, RAMV2RS05, RAMV3RR05, RAMV4DR05, RASV3ST05, RLTV2HT05, RÖKV1RS03, RÖKV2LM03, RÖKV3HS05, RÖKV4FS03, RRVV3VR05, RTMV2DT05, SASK2SS05, SJÚK2MS05, SMÍV3RE05C, SPÆN1RL05, SPÆN1RS05

Heildarniðurstöður einstakra spurninga má sjá hér að neðan:

Heiti: Kennslu- og áfangamat á haustönn 2019
Undirskóli: DAG
Önn: 20192
Lagt fyrir: Hópa
Búið að birta: Nei

Hefst: 25.09.2019 00:00
Lýkur: 16.10.2019 00:00
Fjöldi hópa: 119
Fjöldi sem lagt er fyrir: 1840
Fjöldi svara: 722




Skóli Kennari Áfangi Hópur

Kennarinn er vel undirbúin(n) þegar hann kemur í kennslustundir

1. Mjög sammála 70% (552/789)
2. Frekar sammála 25% (197/789)
3. Frekar ósammála 3% (27/789)
4. Mjög ósammála 2% (13/789)

Tölulegar upplýsingar

Fj. svara: 789 af 722
Svarhlutfall: 109% ▲




Kennarinn hefur eftir leikni mína og hæfni í námsgreininni

1. Mjög sammála 54% (427/790)
2. Frekar sammála 34% (265/790)
3. Frekar ósammála 9% (69/790)
4. Mjög ósammála 4% (29/790)

Tölulegar upplýsingar

Fj. svara: 790 af 722
Svarhlutfall: 109% ▲




Kennarinn heldur góðum vinnufriði í kennslustundum

1. Mjög sammála 55% (435/789)
2. Frekar sammála 36% (281/789)
3. Frekar ósammála 6% (51/789)
4. Mjög ósammála 3% (22/789)

Tölulegar upplýsingar

Fj. svara: 789 af 722
Svarhlutfall: 109% ▲




Ég get leitað til kennarans t.d. ef ég skil ekki námsefnið

1. Mjög sammála 70% (547/786)
2. Frekar sammála 23% (177/786)
3. Frekar ósammála 5% (37/786)
4. Mjög ósammála 3% (25/786)

Tölulegar upplýsingar

Fj. svara: 786 af 722
Svarhlutfall: 109% ▲




Kennarinn gerir námið áhugavert

1. Mjög sammála 49% (382/787)
2. Frekar sammála 33% (259/787)
3. Frekar ósammála 10% (82/787)
4. Mjög ósammála 8% (64/787)

Tölulegar upplýsingar

Fj. svara: 787 af 722
Svarhlutfall: 109% ▲




Samskipti mín við kennarann hafa verið góð

1. Mjög sammála 67% (527/787)
2. Frekar sammála 26% (207/787)
3. Frekar ósammála 5% (37/787)
4. Mjög ósammála 2% (16/787)

Tölulegar upplýsingar

Fj. svara: 787 af 722
Svarhlutfall: 109% ▲




Á heildina litið er ég er ánægð(ur) með kennsluna í áfanganum

1. Mjög sammála 53% (383/716)
2. Frekar sammála 34% (247/716)
3. Frekar ósammála 9% (63/716)
4. Mjög ósammála 3% (23/716)

Tölulegar upplýsingar

Fj. svara: 716 af 722
Svarhlutfall: 99%




Kennarinn notar fjölbreyttar kennsluáferðir

1. Mjög sammála 42% (329/788)
2. Frekar sammála 40% (312/788)
3. Frekar ósammála 14% (108/788)
4. Mjög ósammála 5% (39/788)

Tölulegar upplýsingar

Fj. svara: 788 af 722
Svarhlutfall: 109% ▲




Ég stunda námið í áfanganum samvisskusamlega (skila verkefnum á réttum tíma, er virk/virkur í hópstarfi, tek þátt í umræðum í tímum og fl.)

1. Mjög sammála 53% (383/720)
2. Frekar sammála 40% (288/720)
3. Frekar ósammála 6% (44/720)
4. Mjög ósammála 1% (5/720)

Tölulegar upplýsingar

Fj. svara: 720 af 722
Svarhlutfall: 100%




Aðstaða til náms og kennslubúnaður (t.d. kennslustofa, tæki og tól) í áfanganum eru viðunandi

1. Mjög sammála 58% (413/718)
2. Frekar sammála 37% (263/718)
3. Frekar ósammála 5% (34/718)
4. Mjög ósammála 1% (8/718)

Tölulegar upplýsingar

Fj. svara: 718 af 722
Svarhlutfall: 99%




Námsgögn (bækur, vefsíður, verkefnahefti o.f.l.) í áfanganum eru viðunandi

1. Mjög sammála 56% (399/717)
2. Frekar sammála 39% (280/717)
3. Frekar ósammála 4% (28/717)
4. Mjög ósammála 1% (10/717)

Tölulegar upplýsingar

Fj. svara: 717 af 722
Svarhlutfall: 99%



Kennarinn mismunar ekki nemendum

1. Mjög sammála 72% (562/784)
2. Frekar sammála 22% (171/784)
3. Frekar ósammála 4% (32/784)
4. Mjög ósammála 2% (19/784)

Tölulegar upplýsingar

Fj. svara: 784 af 722
Svarhlutfall: 109% ▲

